

Nd.

656. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um að fella niður útflutningsgjald af sild, er seld var til Rússlands 1927.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er að visu eigi fyllilega sammála um meðferð þessa máls og telur eftirgjafir á lögmæltum tekjum ríkissjóðs hættulegar vegna fordæmisins, jafnvel eins og hjer stendur á.

Hinsvegar telur hún rjett að veita í þetta sinn útflytjendum nokkra viðurkenningu þess, að þeir með sendingu síldarinnar hófu tilraunasölu, sem fyrir-

fram var sýnilegt, að eigi gæti skaðlaus orðið, en laut að útfærslu markaðar fyrir íslenska síld.

Nefndin leggur því til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 31. mars 1928.

Sv. Ólafsson,
form.

Sigurjón Á. Ólafsson,
frsm.

Ólafnr Thors,
með fyrirvara.

Jóhann P. Jósefsson.

Nð.

657. Breytingartillögur

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Pjetri Oltesen.

1. Við 2. gr. Í stað »en hinn af útgerðarmannafjelagi er stofnaður« kemur: en hinn af þeim mönnum, er gerðu út skip á síldveiðar við Norðurland næsta ár á undan kosningu, og kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir mótorbátar.
2. Við 4. gr. 2. Aftan við 2. málslíð bætist: alt samkvæmt þar að lútandi reglugerð, sbr. 14. gr.
3. Við 4. gr. 4. Á eftir orðunum »nýrra markaða« kemur: sbr. 8. gr.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Nú er nauðsynlegt vegna einkasölnunnar að taka á leigu bryggju eða bryggjur, og er framkvæmdarstjórninni þá heimilt að gera það til eins árs í senn.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna »í hvorn sjóð $\frac{1}{4}\%$ « kemur: í varasjóð $\frac{1}{4}\%$, en í markaðsleitarsjóð $\frac{3}{4}\%$.
6. Við 11. gr. Fyrir orðin »eftir 8. gr.« kemur: sbr. 4. gr. 3.

Nð.

658. Nefndarátt

um frv. til áfengisлага.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir haft frv. til meðferðar á 2 fundum, og hafa 4 af 5 nefndarmönnum orðið ásáttir um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Að vísu eru ákvæði í frv., sem sumir nefndarmanna hefðu kosið nokknð á annan veg,